



HRUNAMANNAREPPUR

56. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
KJÖRTÍMABILID 2022 – 2026

20. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2024, þann 7. nóvember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Ragnhildur S. Eypórsdóttir í forföllum Herberts Haukssonar, Daði Geir Samúelsson og Arna Þöll Sigmundsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Jón Bjarnason oddviti skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram. Í upphafi fundar lagði oddviti fram tillögu um að fundi yrði frestað til kl. 15:00. Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér var gengið til dagskrár:

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Skólanefnd: Fundargerð 13. fundar frá 16. október 2024.

Lögð fram fundargerð 13. fundar Skólanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um að starfsdegi leikskóla verði breytt þannig að starfsdagur verði þann 19. febrúar en í staðinn verði leikskólinn opinn 2. janúar. Er þetta gert vegna sameiginlegs starfsdags leikskóla á svæðinu þar sem fræðsla um snemmtæka íhlutun mun eiga sér stað. Hvað varðar tillögu nefndarinnar vegna systkinaafsláttar í gjaldskrá leikskólans er vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

2. Veitu- og framkvæmdanefnd: Fundargerð 10. fundar frá 28. október 2024.

Lögð fram fundargerð 10. fundar Veitu- og framkvæmdanefndar.

Varðandi lið 10, vatnsveita í Skollagróf samþykkir sveitarstjórn samhljóða að ráðist verði í borun eftir köldu vatni í samræmi við tillögu veitustjóra enda er slíkt í fullu samræmi við samning um endurgjald vegna nýtingar á vatnsréttindum í eigu ábúenda.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

3. Fundargerð 290. fundar skipulagsnefndar frá 23. október 2024 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. október sl.

Lögð fram fundargerð 290. fundar skipulagsnefndar frá 23. október sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. október sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

DAS
JR
APs
RSE
Bv

Mál nr. 21. Reykjaból lóð 15: byggingarheimild; bílageymsla.

Móttækin var umsókn þann 08.10.2024 um byggingarheimild fyrir 30,1 m² bílageymslu á sumarbústaðalandinu Reykjaból lóð 15 L167013 í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt framlögðum uppdráttum er umsóttur bílskúr í 4 metra fjarlægð frá lóðarmörkum. Samkvæmt gr. 5.3.2.12 skipulagsreglugerðar sem tekur til frístundabyggðar er óheimilt að byggja nær lóðarmörkun en 10 metra innan skilgreindra frístundalóða. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að umsókn um byggingarheimild verði synjað.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og synjar byggingarheimild.

Mál nr. 22. Túnsberg 5: byggingarheimild; reiðskemma.

Móttækin var umsókn þann 15.10.2024 um byggingarheimild fyrir 1.212,8 m² reiðskemmu mhl 02 sem er viðbygging við hesthús á landinu Túnsberg 5 L226909 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Málið verði grenndarkynnt lóðarhöfum á svæðinu. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Málið verði grenndarkynnt lóðarhöfum á svæðinu. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mán nr. 23. Hrunamannaafréttur: Kerlingarfjöll; Ásgarður 2; Stofnun lóðar.

Lögð er fram tillaga að merkjalýsingu sem tekur til stofnunar lóðar úr Þjóðlendu Hrunamannaafréttar L223267. Um er að ræða um 2 ha lóð í Kerlingarfjöllum sem fær staðfangið Ásgarður 2.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið með fyrirvara um lagfærð gögn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar eða við stofnun lóðarinnar skv. fyrirliggjandi umsókn. Sveitarstjórn samþykkir erindið með fyrirvara um lagfærð gögn.

Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. október sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. október sl.

4. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 22.10. sl.**
Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

5. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð stjórnar frá 28.10. sl.**
Lögð fram fundargerð stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings: Fundargerð aðalfundar frá 29.10. sl.**
- **Samþykkja þarf fjárhagsáætlun.**

Lögð fram fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt fjárhagsáætlun.

DAS
B
ABS
RSE

Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2025.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

7. Héraðsnefnd Árneseinga bs.: Fundargerð 33. fundar frá 15. október sl.

-Samþykkt fyrir Brunavarnir Árneseyslu bs. – fyrri umræða.

-Samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árneseinga bs. – fyrri umræða.

Lögð fram fundargerð 33. fundar Héraðsnefndar Árneseinga bs. ásamt nýrri samþykkt Brunavarna Árneseyslu bs. til fyrri umræðu og nýrri samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árneseinga bs. til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa samþykkt Brunavarna Árneseyslu bs. og nýrri samþykkt fyrir Tónlistarskóla Árneseinga bs. til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn fagnar því að Héraðsnefnd Árneseinga hafi samþykkt fjárframlag til byggingar á Björgunarmiðstöð á Flúðum. Með tilkomu sameiginlegrar björgunarmiðstöðvar fyrir viðbragðsaðila hér í Uppsveitum Árneseyslu mun öll aðstaða og þjónusta batna til muna og vonandi verða til þess að starf þessara aðila allra eflist enn frekar til framtíðar. Einnig lýsir sveitarstjórn yfir ánægju sinni með þá ákvörðun Héraðsnefndar að Héraðsskjalasafn Árneseinga mun taka á leigu rými í kjallara húsnæðisins að Hrunamannavegi 3 fyrir skjalageymslu.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

8. Bergrisinn bs. Fundargerð 78. stjórnarfundar frá 7. október sl.

Lögð fram fundargerð 78. stjórnarfundar Bergrisans bs.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

9. Bergrisinn bs. Fundargerð aðalfundar frá 14. október sl.

- Samþykkt fyrir Bergrisan bs. – fyrri umræða.

Lögð fram fundargerð aðalfundar Bergrisans bs. ásamt samþykkt Bergrisans bs. til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa samþykkt Bergrisans bs til síðari umræðu.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

10. Arnardrangur hses.: Fundargerð 18. stjórnarfundar frá 21. október sl.

- Ásamt minnisblaði um eignarhald á húsnæði í málaflokki fatlaðra.

Lögð fram fundargerð 18. stjórnarfundar Arnardrangs hses. ásamt minnisblaði um eignarhald á húsnæði í málaflokki fatlaðra.

Fundargerðin ásamt minnisblaði lögð fram til kynningar.

11. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 328. fundar stjórnar frá 16. október sl.

Lögð fram fundargerð 328. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

DGS
BW
SB
RSE
APS

Erindi til sveitarstjórnar:

12. Bréf frá kjörstjórn Hrunamannahrepps frá 28. október 2024.

Lagt fram bréf frá kjörstjórn Hrunamannahrepps þar sem lagt er til að kjörfundur vegna alþingiskosninga 30. nóvember 2024 verði í Íþróttahúsinu á Flúðum.

Sveitarstjórn samþykkir að kjörstaður vegna Alþingiskosninga verði í Íþróttahúsinu á Flúðum. Sveitarstjóra er jafnframt falið að sjá til þess að kjörstaður verði vel merktur þar sem um nýjan stað er að ræða.

13. Bréf frá Sjóðnum góða frá 21. október 2024.

Lagt fram bréf frá Sjóðnum góða þar sem óskað er eftir styrk. Hlutverk sjóðsins góða er að styrkja einstaklinga og fjölskyldur sem standa höllum fæti og eiga ekki fyrir nauðpurftum fyrir jólin og einnig á vormánuðum fyrir fermingar.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja sjóðinn um kr. 100.000,-.

14. Bréf frá Stígamótum frá 30. október 2024.

Lagt fram bréf frá Stígamótum þar sem óskað er eftir framlagi til starfsemi Stígamóta fyrir árið 2025.

Sveitarstjórn samþykkir að styðja við samtökin með 50.000,- kr. framlagi.

15. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands frá 23. október 2024.

Lagt fram bréf frá Skógræktarfélagi Íslands með bókun frá aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, þar sem ríki og sveitarfélög eru hvött til þess að fylgja eftir vörsluskyldu búfjár.

Lagt fram til kynningar.

16. Bréf frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands frá 25. október 2024.

Lagt fram bréf frá EBÍ þar sem ágóðahlutagreiðsla ársins 2024 til aðildarsveitarfélaga er kynnt. Ágóðahlutagreiðslan er að upphæð 50 milljónir. Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 0,621% og greiðsla ársins verður því kr. 310.500,-. Fulltrúaráð félagsins hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögum enda hefur það ávallt verið megintilgangur þessa framlags.

Lagt fram til kynningar.

17. Bréf frá Vegagerðinni frá 14. október 2024.

Lagt fram bréf frá Vegagerðinni þar sem tilkynnt er um stöðu verkefnisins „endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna“. Vegagerðin er ábyrgðaraðili á rekstri landsbyggðarstrætó og vinnur að endurskoðun á núverandi leiðarkerfi. Markmiðið er að skoða hverja akstursleið út frá gæðum, nýtni og gagnsemi.

Lagt fram til kynningar.

18. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Samþykkt er að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn 21. nóvember nk. kl. 14:00 samkvæmt samþykktum um stjórn Hrunamannahrepps.

Fjárhagsleg málefni:

19. Minnisblað varðandi yfirdráttarheimild í Arion banka frá 21. október 2024.

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra varðandi yfirdráttarheimild í Arion banka. Samkvæmt reglum óskar Arion banki eftir árlegri staðfestingu sveitarstjórnar á yfirdráttarheimild í bankanum. Yfirdráttarheimildin er yfirleitt aldrei notuð en rétt þykir þó að hafa hana til staðar enda er heimildin án kostnaðar sé hún ekki nýtt.

JB RSE
ABS DGS
BV

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að samið verði um 200 m.kr. yfirdrátt í Arion banka sem eingöngu yrði nýttur mjög tímabundið ef og þegar á þarf að halda. Ekki þarf að greiða fyrir heimild þessa nema/ef þegar hún er nýtt.

20. Stafrænt samstarf – Ásamt fjárhagsáætlun 2025.

Lögð fram samantekt um verkefni í stafrænu samstarfi 2025 ásamt fjárhagsáætlun stafræns samstarfs fyrir árið 2025.

Lagt fram til kynningar en hlutur Hrunamannahrepps í verkefninu er kr. 489.197,- sem vísað er til gerðar fjárhagsáætlunar.

21. Samningur við ÍBU.

Lagður fram samstarfssamningur við Íþróttafélag Uppsveita.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og vísar kostnaði við hann til gerðar fjárhagsáætlunar.

22. Gjaldskrá Hrunaljóss, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá Hrunaljóss fyrir árið 2025.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til seinni umræðu.

23. Gjaldskrá vatnsveitu, fyrri umræða.

Lögð fram gjaldskrá vatnsveitu Hrunamannahrepps fyrir árið 2025.

Sveitarstjórn vísar gjaldskránni til seinni umræðu.

24. Gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Lögð fram gjaldskrá Hitaveitu Flúða fyrir árið 2025.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða gjaldskrá Hitaveitu Flúða.

Mál til kynningar:

25. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 953. fundar stjórnar frá 25.10.2024.

Lagt fram til kynningar.

26. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð aðalfundar frá 9. október 2024.

Lagt fram til kynningar.

27. Málefni Veiðifélags Stóru-Laxár frá 23. október 2024.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:20

Ragnvildur Stefania Eypersdóttir



Bjarney Vignisdóttir

Arna Þóll Sigmundsdóttir

Dati Geir Samúelsson